

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

2. ISBN 978-9935-409-01-0

Ægir og Rán

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejjukettil@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080

Ægir og Rán

-Hver ertu, Ægir, og hver er þín Rán?

-Uppruni alls sem er er hið mikla djúp.
Á máli goðsagna Ægir.


अहि ahí, þýðir raunar snákur, en einnig vatn, og ýmislegt fleira, en orðið
ægir mun af þessu orði komið.

Erfitt er að útskýra það sem ekki er í hinni sköpuðu veröld.
 Skapaðir hlutir hafa nöfn og eiginleika, og auðvelt að útskýra það svið tilverunnar.
 Þegar að hinu óskapaða eilífa kemur, segja nöfn ekki allt, en merkja þó mikið þegar við undir dulúð hnýsumst.
 Eigi sjá allir menn það.
 Rígur útskýrir fyrir þér þá hlið málsins.

Móðir náttúra hylur sjónum uppruna sinn.




náttúran er hula



(36.)

Við sjáum náttúruna, en ekki upprunann innan hennar.



Margir þekkja ekki þetta ósýnilega svið tilverunnar af eigin raun,

og sumir vita ekki einu sinni að það er til!!
 Grunn hefur menntun nútímaþjóðfélaga verið s.l. aldir.

रिचो अ क्षरे परमे व्योमन् richo (frb ritsjó) a kshare parame vyoman

यस्मिन्देव अधि विश्वे निशेदुः yasmin deva adhi vishve nisheduh

यस्तन्न वेद किमृचा करिष्यति ? yastanna veda kim richa karishyati?

य इत्तद्विदुस्त इमे समासते ya it tad vidus ta ime samasate

Innan eindarinnar, þar sem tívar dvelja, hverfist hljóðið A (ritsjó A).
 Þeir menn, sem þetta svið tilverunnar þekkja, skilja,

en

þeir sem ekki þekkja það skilja ekki,
þeir hafa lítið gagn af dulmálsheitum um ginnungagap og orðum um það
því til útskýringar.

þeir menn sem ekki þekkja Ægi af eigin raun,

þeir skilja ekki hvísl guðanna og fimbulrúnir.

Orð um grundvallarraunveruleikann eru lítils virði þeim er ekki þekkir
eindina miklu, ginnungagap, af eigin raun.

Aftur á móti:

En sá sem þetta svið tilverunnar þekkir,

sá sem sóast og nemur upp fimbulrúnir,

hann skilur orð goðsagnanna, finnur sannleikann á milli orðanna.

Það er ýmislegt „djúpt“ á milli hljóðanna, völvu mín.

Það er ginnungagap.

Á þessu sviði tilverunnar leitar vitund manns sér orðs af orði.

Orð mér af orði orðs leita, finn rúnar og ráðna mjög stóra stafi.

Heimurinn verður til úr gapinu mikla ginnhelga,

eindinnni,

gapinu, sem milli hljóða og orða vedanna er.

-Nú?

-Börnum hefur ekki verið kennt þetta í margar margar aldir,
jafnvel árþúsundir.

Þetta vantar í menntunina.

Og þótt vísindamenn læri um það svið sem allt er úr,

vita þeir ekki að þeir eru það.

Þeim hefur aldrei verið kennt það.

Þetta vantar í þeirra menntun.

Við grípum til táknmáls. -- Sumir skilja, aðrir ekki.

Við notum persónugervinga -- en auðvitað eru þeir villandi.

Sumir halda að um gamlar asnalegar sögur um karla og kerlingar sé að
ræða.

Auðvitað er það í lagi upp að vissu marki, því allt sem er í alheimi er


einnig í mannslíkamanum. Hið óskapaða er í hinu skapaða,

goðsagnir eru í mönnunum, skapaðar í mönnunum.

En samt: persónugervingar eru oft villandi.

Ægir táknað hið mikla óræða djúp. Raunveruna.
Ég er persónugervingur þess.
Þá hljóma ég sem karl í sögu. Einusinnivar-sögu.

Öldur á yfirborði hafs eru kvikular og síbreytilegar, en í raun eru þær allar hafið.



Rán er regla



Ránar dætur dansa



Og Ægir sjálfur er vitund á hreyfingu.

Hugsanir mannanna eru öldur á hafinu,
líf mannanna, einstaklingslíf, eru öldur á hafinu.

प्रज्ञानं ब्रह्म vitund manns er alheimsvitund, pradñjanam brahman.

Þegar allir skilja að allir eru hið óræða djúp, hefur mikilli þekkingu og
skilningi verið komið inn í menntunina.
(37, vitundarþroskamenntun.)

Þegar allir skilja að hver einstaklingur er eins og alda á hafi, er mikill
skilningur kominn til manna.

Þegar allir skilja að hver hugsun er gára á Ægi, Ránardóttir, er mikill
skilningur kominn til manna.

Þegar börn læra að þau eru alheimsvitund, vitund á hreyfingu, hefur mikilli þekkingu verið komið til barnanna.
(37, vitundarþroskamenntun)

Þegar menn svo læra að lifa ekki aðeins í einstaklingsvitund sinni, heldur fremja valkyrju til að ná dýpinu mikla, stinga sér af hárrí brún í hafið (hér sem táknmál) og ná djúpt, þá er heimur í góðum málum.



Þá mun Vilbjörg vaka.




Þá mun „gesturinn“ vera kominn heim til sín.
Í drekku at Ægis.



वल val, þýðir fara, nálgast, flýta, og einnig að snúa aftur heim.


Það gæti átt við öll þessi „val-“ orð í okkar menningararfi sem tákna að við verðum að snúa aftur til að finna uppruna okkar.
Hann gleymist þeim sem ekki upplifir sitt alminni daglega alla ævi.
(Alminni, Mímir, 13., 40.)

Heilalínurit manns sem fremur TM-vitundarvísindin og -tæknina sýnir fullkomið samræmi heilabylgna hans.



© GlobalCountry

Að komast í snertingu við ginnungagap veldur gleði og hamingju.
Vilbjörg vakir,



streitan gufar upp,
kyrrð og hvíld tekur við.

Þegar maðurinn fer til vinnu sinnar á ný, hefur hann fimbulrúnir upp
numið, og lifir nú þundarflæði.

Hann stríðir ei gegn lögmálum náttúrunnar,
lifir í sátt við goð.

Sá maður stráir blómum í Þundu, kastar eigi skít,
býr sér með góðri Urði góða Skuldu (33.).

Á stuðning Þundar vísan (38.).

Kann ljóð þau sem þjóðans kona og allir manna megir þurfa að læra.



Rán, regla, regin, rögn af rac (frb ratsch) रच्

Það er mikil gleði að komast í námunda við Ægi.
Menn sóa einstaklingsvitund sinni í alheimsvitund.

Heima hér er mikil kyrrð, vökul kyrrð, og öll streita líður brott.
Jafnvel þegar þið skreppið aftur á Vigríðarsléttu blívur kyrrðin í ykkur.
Komið svo bara aftur og aftur heim til mín.
Í drekku at Ægis er heims mestu næringu að fá.


Menn gleyma hvaðan þeir koma,
því heimurinn glepur skilningarvitin.
(sjá 4. skræðu, Þjóðvitni, um vítahringinn)

Fimaþingur og Eldir þjóna þeim sem hingað ná.
Þeir eru:
snöggur að framreiða krásir þær sem ég býð uppá
og
snöggur að matreiða þær fyrir hvern og einn.

Þannig er partí at Ægis.
Menn verða tærir og hreinir.
Menn öðlast eiginleika þá sem veita þeim velfarnað og skjótan framgang
á þróunarbrotinni í þessu jarðlífi sínu.



Þegar menn skilja hver er tilgangurinn með lífinu, verður þróun í átt til
fullkomnnar auðveld og skjót.



-Og Rán?

Rán mín er regla. Regla innan Ægis.

रच् रचन rac (/frb ratscj) ratsjana, að búa til, skapa, setja allt í reglu,
er nafn minnar Ránar.

-- einsog rögn og regin og rán (ránin, hgk.flt.).



maðurinn er svinnur

svinnur er fullkomin regla



teitir eru दीधी (díídhíí)


tefla í túni

Allar gyðjur eru fullkomlega samræmd regla og undurljúf lögmál
-- sem hver og einn maðurinn ætti að lifa eftir.

Gyðjan er móðirin. Sköpunarkrafturinn. (18., 20.)

Við tökum mark á henni.

Hún er úr hinu fullkomna, virk í hinu skapaða.



Ek, Rán Ægis, em regla í Ægi
em hið snurðulausa framþróunarferli,
sem komið er úr hinni miklu vitund og blómstrar í veröld.

Ek em eitt goðmagnanna, völva litla: regla í vitund, Ægi.
Mörg eru goðmögnin.

Rán, rán og rögn og regin रच् रचन



Allt sem stríðir gegn þessari fullkomnu reglu er gremi mikil.

Allt sem lifir í Þundarflæði (38.) með Rán, lifir í sátt við goð og framþróun.


Þekkingin gerir menn goðumlíka og fylgir þeim friður hvar er þeir fara um lönd.

Allt sem brýtur gegn lögmálum náttúrunnar tefur framþróun, og það mun eigi lengi lifa.

Allt sem styður náttúrulögmálin fær byr undir báða vængi og nær langt.

*-Hvernig, mikla Rán, lifa menn í sátt við goð?
Gremjast goð???*

*-Nei, goðin reiðast ei, vina mín.
Þau eru forsetar náttúrulögmálanna í Ægi hinum mikla.
Guð sem reiðast og hegna eru ekki guð,
aðeins mannanna tilbúna grýlur.*



En náttúran þolir ekki endalausa gremi.
Á endanum springur hún,
en það er þegar þanþol hennar brestur og henni er nóg boðið.
(sjá 36. skráðu, þanþol og meiðmar.)

Allt dráp stríðir gegn framþróun.
(sjá sjöttu skráðu: Syn.)
Með drápi eyðileggst þróunarbraut lífveru.
(sjá og 33. skráðu um örlög.)

Með illindum, með óheiðarleika, með svikum og slíku, truflar maður hið fagra flæði.

Með góðum verkum, góðum hugsunum, virðingu fyrir öllu sem er, styður maður framþróun.

En framþróun er tilgangur sköpunarverksins.

Allt þenst út, blómknappur, alheimur, kröftug hugsun,
og allt fagurt fær að blómstra.

Vitund manns er Ægir.

Djúp sem Ægir, kyrr sem Ægir. Á hreyfingu innan sín einsog Ægir.

Vitund er eilíf.

Ekki aðeins til ragnaraka einsog haf og hauður, og Askur Yggdrasils,
heldur ævarandi,
sannleikurinn sjálfur.

Sá sem lifir það svið lífs síns lætur ekki Ránardætur, öldur á Ægi, koma sér úr jafnvægi.

Ægir er orkuhlaðin kyrrð á hreyfingu.

Ránardætur stíga upp úr Ægi og hverfa aftur í Ægi.



Ránardætur

9 dætur Ránar geta leikið sér mikið. Þær eru glettnar.

Þær hafa nöfn sem vert er að rýna í.

Þær virðast villtar og óstýrilátar einsog hugsanir mannanna,
en þar sem þær eru dætur Ránar munu þær og hlíta reglu.

Alda sem rís hverfur aftur í djúpið.

Alda sem skellur á klettaströnd og skerjum frussar mikið og steypist síðan í ægifegurð sinni aftur heim.

Stundum fyssar af öldum, stundur fexir af öldu.

Í myrkri eru þær dökkar, í sól silfraðar.

Svartur sandur strandanna á Íslandi er andstæða hvítrar froðu úthafsöldunnar fimbulpungu.

Í síbreytileik virka þær ólíkar,

en samt eru þær hluti af óumbreytanlegu djúpinu og reglunni staðföstu.

Þegar menn sjá lífið í þessu ljósi, hafa þeir lært mikla lífsvizku.

Ginnungagap er kyrrð dýpisins. Svo hefur það yfirborðsöldur.

Öldur á hafi eru í raun hafið.

Ginnungagap er þekkt sem Mímir (13., Mímir)

smriti स्मृति minni स्मर smara það sem munað er

(Sjá 13. skráðu um Mími og Óðin sem einn:
minnið, sá sem man, það sem munað er, er áfram einn.)

Tengslum milli dýpisins og yfirborðsaldanna er viðhaldið af tívum, devata, höftum og böndum.



Höft og bönd eru svinns gjósandi hverir,
svinns eldgos,
hinn mikli skilningur á hreyfingu,
hinn mikli svinnur á hreyfingu,
til viðhalds tengingunni milli öldunnar og dýpisins.

Minnið tengir innri kyrrð og ytri ókyrrð.

Það er hægt að skilja Ægi/ ginnungagap sem Mími, þegar talað er um minni.

-Á ég að skilja þig svo að við séum þessar öldur?

-Já. Alveg eins. Hver mannleg hugsun er sem alda,
hvert mannsins líf, æviskeið, er sem alda.

Hver lifandi maður á jörð er alda í ólgu darraðardans heimsins.

Engin alda er til án hafsins.

Enginn maður lifir án ginnungagaps.

Ekkert stentzt án upprunans, eindarinnar.

-Á maður þá bara að horfa á lífið og pæla í svona löguðu?

-Menn ættu ekki að vera aðgerðalausar dúkkur, völvu mín.

Og ímyndun er hættuleg mönnunum,
því þeir telja það þroska að hugsa um það í stað þess að vera það.

Menn ættu ekki að læra svona utanbókar og þykjast lifa það í raun.
Slikt er yfirborðssýndarmennska og sjálfsblekking.
Þegar í Valhöllu er komið kemur þetta sjálfkrafa sem aukaafurð
uppljómunar.

-Hvert er ráðið til að komast í Valhöll, mikla blíða Rán?

Hraðferð í Valhöll næst með vitundarvísindum og iðkun samsviðstækni.

वल val, þýðir fara, nálgast, flýta, og einnig að snúa aftur heim.

Iðunn (20.) stendur fyrir því meðal mannanna.



Menn geta ekki aðeins tekið og þáð, völvu litla, og hrifsað til sín frá
móður Náttúru (36.).

Þannig líf er þjófs líf.

Þeir sem hrifsa til sín gæði, og jafnvel líf annarrar lífveru, í eigin-
hagsmunadekri, gera snurðu á regluna.

Þeir menn meiða mig.

Ég er regla og framþróun, og eigi skyli stríða gegn mér.

Aðeins með því að stinga sér í ægidjúpið

-- sem gerir menn tæra og einlæga --

geta menn borið nafnið maður.

(Sjá 36. skráðu, um hina ámáttku móður.)

Maðurinn ber ábyrgð á öllum lífverum á jörðu.

Fagurt mannlíf gerir góða veröld öllu lífi, og veitir blíð náttúruöfl.

Lífðu í Þundarflæði (sjá 28. skráðu) og fremdu valkyrju (sjá 25. skráðu).

Vittu, völva litla, að Urður Verðandi Skuld eru sanngjarnar vegna þess að þær eru náttúrulögmál, og vittu að hver og einn er ábyrgur sinnar hegðunar og síns lífs frá getnaði til grafar. (Sjá 33. skráðu.) Hann velur sér stað og stund til að fæðast á.

Vittu einnig að á ábyrgð mannsins er mannlíf allt og náttúran öll. Vandí fylgir vegsemd hverri, og háþróuðu mannlegu taugakerfi fylgir ábyrgð og vegsemd,, og því að sjá mun góðs og illis, fylgir mikil ábyrgð.

-Er valkyrja jafnt til að stinga sér í Ægi, sem að ná Glæðheimum með gandræðið, sem og að sóa sér í ginnungagap?

-Eitt og hið sama, litla völva. Mismunandi táknmál um hinn mikla sannleika. Í drekku at Ægis er veizla í Glæðheimum Óðins. ek@ægis.tn

एकंसद्विप्र बहुधा वदन्ति ekam sad vipra bahudhaa vadanti

Einn er sannleikurinn, en hinir vitru nefna hann mörgum nöfnum.

Visindamenn þurfa allir að læra valkyrjuna sína, samsviðstæknina, og þá mun skilningur þeirra færast frá bókum yfir í vitund, frá lærdómi yfir í skilning, frá lýsingu og útlistun yfir í upplifun, frá rannsókn á fyrirbærum utanfrá, yfir í rannsókn innan eigin vitundar. Þar er allt. Í Ægi er öll þekking. Mennirnir eru þessi þekking, völva mín litla.

Visindamenn mega ekki staðna á vitsmunastiginu, og halda að veraldlegur augun sjái allt (26. skilningarvitin). Þeir dýrka eigin lærdóm, en mega ekki gleyma hver er æðsta þekkingin.

Hæg eru heimatök römm er sú taug er rekka dregur föðurtúna til, þeir hitta sjálfa sig fyrir, sjálfur gefinn sjálfum, gefinn Óðni.

Mannleg vitund er alheimsvitund, Ægir.

Þannig nám er miklu fljótlegra en að reyna að lesa allar bækur heims.

Og meiri þekking næst á skömmum tíma við iðkun valkyrju -- með því að flytjast brott úr heimi efnis og orku um stund -- meiri en er afrakstur ævistarfs við lestur bóka og utanfrárannsóknir á efni og orku í hinu skapaða hverfula án þess að kunna að sóast í Hnitbjörg Gunnlaðar.

Hver veit nema Billings mæri vísi í gapið mikla?
Við lesum yfir þetta orð því við skiljum það ekki, það er bara þarna, en það skyldi þó ekki vera að hún búi yfir því sem er að finna milli orðanna?
Er bil gapið?
Þá finnst hér þekkingin á hinu óskapaða.

(Gunnlöð, mjöðurinn dýri, framþróun: 15., 32.)

Athugið að tækin og skilningarvitin ná aldrei nema efnisheimi. (4.)
Uppruna heimsins vantar í niðurstöðurnar.

Ekki er nóg að tala um upprunann og reyna að útskýra með orðum.
Reynsla tærrar vitundar er leiðin til æðstu þekkingar.

Ekkert fær staðist í heimi hér án Ægis, undirstöðunnar.
Þekktu Ægi,
maður, þekktu sjálfan þig.
já, ég@ægis.is

Valkyrjan er gjörningur sem menn framkvæma,
hún er tæki, handhægt og lipurt, einfalt og auðskilið.
Mannshuganum er eiginlegt að leita uppruna síns.
Mannshuganum er náttúrulegt að sóast í Ægi.



valkyrja er gjörningur,
hugur stingur sér í Ægi.

-Nær sá, sem iðkar samsviðstæknina, góðum árangri í lífinu?

Ljóðin og 9 galdrar góðir?

-Fær meðbyr í athöfnum, öðlast víðsýni í hugsun,
og nýtur góðar heilzu hverrar frumu líkamans.
Rétt, völvu mín litla. Eina leiðin til fullkomins lífs er að njóta dætra
minna 9 á yfirborðinu, og koma heim til Ægis til að öðlast fullkominn
skilning.

*-Kemst hin veraldlega sýn á fyrirbæri, utanfrá-rannsóknir á efnis-
heiminum, aldrei alla leið að markinu mikla sem vísindamenn setja sér?*

-Nú fyrst er hægt að tala um vísindaöld.

http://www.cbeprogram.org/programs/popup/unified_field.html



Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi
mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)
raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म
sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.
Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið
allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja
til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lífa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat
(undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega.
Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.
Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM,
auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan
skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims
sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi.

Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði.
Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa
þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru.
Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við
sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til
heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að
vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rötlaus á rötstöfum meiði og tærri
þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri
menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi.
Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma),
annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs.
Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að
geta lifað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í
leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis
vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í
þróunar átt, í flæði með þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprelllifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð Goprún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
